

Aðalfundur Stranda

haldinn á Hólmavík 18. september 2016

Tillögur til 32. aðalfundar LS

1. Aðalfundur Stranda krefst að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálssar og hafnar kvótasetningu á makríl.
2. Aðalfundur Stranda hafnar öllum hugmyndum um uppboð á aflaheimildum.
3. Aðalfundur Stranda leggur til að tekin verði upp aflaívilnun til þeirra sem landa á fiskmarkað.
4. Aðalfundur Stranda mótmælir harðlega reglugerðarlokunum og krefst þess að reglugerðarlokanir standi aldrei lengur en sex mánuði.
5. Aðalfundur Stranda hvetur til að lækkað verði veiðigjald á þær útgerðir sem eingöngu eru í útgerð án fiskvinnslu.
6. Aðalfundur Stranda skorar á Samgöngustofu að fylgja fast eftir að nöfn báta séu rétt skráð í AIS kerfi.
7. Aðalfundur Stranda mótmælir háum skoðunargjöldum og fer fram á að þeim verði breytt með þeim hætti að menn framkvæmi skoðanir sjálfir og skili þar til gerðum gátlista til síns tryggingafélags. Skal tryggingafélag annast eftirlit með skyndiskoðunum hvenær sem er og tryggja þannig að báturinn sé alltaf í lagi.
8. Aðalfundur Stranda leggur til að stjórn grásleppuveiða verði með svipuðum hætti og verið hefur.

